

Ed.

72. Frumvarp til laga

[70. mál]

um breyting á lögum nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 45 12. maí 1969 var hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps heimilað að selja Ingu Þórarinsdóttur jörðina Þykkvabæ I í Landbroti. Skilyrði fyrir sölu jarðarinnar er skv. lögnum, að kaupandinn geri jörðina að ættaróðali.

Inga Þórarinsdóttir vill ekki kaupa jörðina, verði hún skylduð til að gera hana að ættaróðali, og hefur í bréfi til Alþingis 16. marz s.l. farið fram á, að söluheimildarlögnum verði breytt, þannig að skyldan til að gera jörðina að ættaróðali verði felld niður.

Hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps hefur í bréfi til Alþingis, dags. 15. marz s.l., einnig farið fram á, að nefndum lögum verði breytt á þann veg, að ákvæðið um, að skylt sé að gera jörðina að ættaróðali, verði fellt úr lögnum.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu, enda lá þá ekki fyrir, hver afstaða dætra Höllu Einarsdóttur og Helga Þórarinssonar var til málsins, en foreldrar þeirra höfðu afhent Kirkjubæjarhreppi jörðina. Nú hafa þær lýst því yfir, að þær muni ekki beita sér gegn ráðstöfun jarðarinnar til bróðurdóttur þeirra, Ingu Þórarinsdóttur, með þeim hætti, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.